



"Lyftusjóður" -Drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

From Bergur Þorri Benjamínsson <bergur@obi.is>

Date Fri 2026-01-09 10:00

To Kjartan Sævarsson <kjartansae@gardabaer.is>; Sigurður Haraldsson <siggih@hafnarfjordur.is>; Sveitarstjóri@kjos.is <Sveitarstjóri@kjos.is>; Kópavogur-Dofri Þórðarson - deildarstjóri fasteigna <dofrith@kopavogur.is>; Hildur Hafbergsdóttir <hildurh@mos.is>; Bragi Bergsson <bragi.bergsson@reykjavik.is>; thor@seltjarnarnes.is <thor@seltjarnarnes.is>; Eignir <eignir@hvalfjardarsveit.is>; kristjan@dalir.is <kristjan@dalir.is>; Nanna Vilborg Harðardóttir <nanna@grundarfjordur.is>; Ragnar Már Ragnarsson <ragnar@snb.is>; Skipulagsfulltrúi <skipulag@stykkisholmur.is>; arnorg@akranes.is <arnorg@akranes.is>; Bolungarvík Bæjarstjóri Jón Páll Hreinsson <jonpall@bolungarvik.is>; Árneshreppur <oddviti@arneshreppur.is>; Strandabyggð og Reykhólahreppur félagsmálastjóri Hlíf Hrólfsdóttir <felagsmalastjori@strandabyggd.is>; Þóra Björg Ragnarsdóttir <thorabjorg@hvolsvollur.is>; Vesturbyggð aðgengisfulltrúi Arnheiður Jónsdóttir <arnheidur@vesturbyggd.is>; Húnabyggð Pétur Arason <petur@hunabyggd.is>; Skagafjörður Aðgengisfulltrúi Steinn Leó Sveinsson <steinn@skagafjordur.is>

Cc radhus@reykjavik.is <radhus@reykjavik.is>; Kópavogskaupstaður <kopavogur@kopavogur.is>; Seltjarnarnesbær <postur@seltjarnarnes.is>; Garðabær sveitafélag <gardabaer@gardabaer.is>; Hafnarfjörður kaupstaður <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; Mosfellsbær sveitafélag <mos@mos.is>; oddviti@kjos.is <oddviti@kjos.is>; Reykjanesbær <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; Grindavíkurbær <grindavik@grindavik.is>; Vogar sveitarfélag <skrifstofa@vogar.is>; Suðurnesjabær <afgreidsla@sudurnesjabaer.is>; Akranes kaupstaður <akranes@akranes.is>; Skorradalshreppur <skorradalur@skorradalur.is>; Hvalfjarðarsveit <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; Borgarbyggð sveitarfélag <borgarbyggd@borgarbyggd.is>; Grundarfjarðarbær <grundarfjordur@grundarfjordur.is>; Eyja og Miklaholtshreppur <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>; Snæfellsbær-Ólafsvík-Hellissandur-Rif <snb@snb.is>; Stykkishólmur <stykkisholmur@stykkisholmur.is>; Dalabyggð Búðardalur <dalir@dalir.is>

Kæru aðgengisfulltrúar.

Gleðilegt ár og takk fyrir liðið.

Ég vil vekja athygli ykkar á að drög að breytingu á reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs er kominn í samráðsgátt.

Þar segir m.a. :

Mál nr. S-4/2026

Sveitarfélög og byggðamál

Drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Málsefni

Innviðaráðuneytið hefur til umsagnar drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar

Reglugerð þessi fjallar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir svo dæmi sé tekið.

Helstu breytingar frá núverandi reglugerð er að núverandi drög að reglugerð heimilar Fasteignasjóði að úthluta framlagi vegna kaupa og uppsetninga á lyftu í húsnæði í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða. Þar nemur framlag Fasteignasjóðs allt að 50% eða að hámarki 5.000.000 kr.

Aðrar útfærslur lúta að breytingum að uppfærslu fermetraverðs í samræmi við breytingar á mældri vísitölu byggingakostnaðar, reiknaðri í nóvember 2025, þannig að í stað þess að í d-lið 2. gr. reglugerðarinnar sé miðað við að byggingarkostnaður fari ekki fram úr 540.000 kr. á hvern fermetra, þá verði miðað við að byggingarkostnaður fari ekki fram úr 650.000 kr. á hvern fermetra. Þá er kostnaðarþátttaka Fasteignasjóðs hækkuð úr 25% í 30%. Í e-lið 2. gr. er lögð til sú breyting að kostnaðarþátttaka verði tilgreind sérstaklega til að auka skýrleika.

Í ljósi nýrra laga um jöfnunarsjóð var ákveðið að endurútgefa reglugerðina.

<https://island.is/samradsgatt/mal/4151>

ÖBÍ réttindasamtök hafa unnið að málinu í nokkurn tíma og fagna framkomnum drögum.

Ég vona að þessi breyting komist fljót og vel til framkvæmda, og hlakka til að heyra í þeim sveitarfélögum sem hún mun gagnast.

Með bestu kveðju.

Bergur Þorri Benjamínsson

Verkefnastjóri

/ bergur@obi.is

8628892

ÖBÍ-Réttindasamtök

The Icelandic Disability Alliance

Sigtúni 42, 105 Reykjavík

Sími: 530 6700 | www.obi.is | obi@obi.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr.5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.